**Skýrsla sveitarstjóra**

Starfsstöð: **Sveitarstjóri**

Nafn starfsmanns: Þorgeir Pálsson

Tímabil: nóvember - desember 2020

## 1. Verkefni í undirbúningi:

- Húsnæðisáætlun. Sveitarstjóri og byggingarfulltrúi telja sig saman geta klárað þetta verkefni, sem annars þyrfti að setja í hendur utanaðkomandi ráðgjafa með tilheyrandi kostnaði
- Innleiðing one-system í tengslum við sveitarstjórnarfundi og vistun fundargagna

## 2. Verkefni í vinnslu:

- Verklagsreglur vegna gáma- og geymslusvæðis
- Viðmið/reglur um snjómokstur í dreifbýli
- Verklagsreglur og ferlislýsing varðandi stöðuleyfi í Strandabyggð
- Strandakjarninn. Gerð minnisblaðs lokið. Samskipti við Byggðastofnun í gangi um frekari stuðning stofnunarinnar við verkefnið
- Húsnæðisverkefni Strandabyggðar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
- Sveitarstjóri kemur að verkefnum og starfsemi fjölda nefnda, stjórna og samstarfshópa og má þar nefna: BsVest, Brunavarnir Dala, Reykhóla og Strandabyggðar, Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, Samstarfsvettvangur bæjar- og sveitarstjóra ásamt Vestfjarðastofu, samráðsfundir sveitarstjóra Dala, Reykhóla og Strandabyggðar ofl. ofl.

## 3. Verkefnum lokið:

- Viðræðum um hugsanlega hitaveitu. Mikil vinna er að baki þessa verkefni síðustu 1-2 ár, en niðiurstaða liggur fyrir og var viðræðum hætt
- Fjárhagsáætlanagerð. Mikil vinna hefur farið í þennan lið undanfarna mánuði og falið í sér samskipti við starfsmenn og sveitarstjórn Strandabyggðar, KMPG
- Minnisblað til Jöfnunarsjóðs vegna skerðingar á framlögum 2020. Mikil vinna hefur farið í gerð þessa minnisblaðs og kallað á samskipti við starfsmenn og sveitarstjórn Strandabyggðar, KMPG, fulltrúa samgöngu- og

sveitarstjórnarráðuneytis og Jöfnunarsjóðs. Minnisblaði og lokaskýrslu KPMG hefur verið skilað

- Starfsmannastefna Strandabyggðar. Unnið var úr fyrirliggandi gögnum og lögð fyrir sveitarstjórn
- Viðmið/reglur um snjómokstur í þéttbýli. Unnið úr eldri gögnum, betrumbætt og lagt fyrir sveitarstjórn
- Greinarskrif í Strandapóstinn
- Stjórnsýsluúttekt KMPG lokið. Skýrsla þeirra ekki komin
- Flutningur á skrifstofu Strandabyggðar
- Þátttaka á Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

4. **Annað**:

- Ótal reglubundin verkefni sem tengjast samskiptum við forstöðumenn, vegna forstöðumannafunda, starfsmannamála, samskipta við fjölmiðla, úrvinnsla erinda frá íbúum ofl. ofl.